

***PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM
III.-HLUTI***

Samval verðbréfa og sjóðastjórnun (50%)

Föstudagur 25. apríl 2008 16:00 - 20:00

Prófið er 6 blaðsíður

Öll námsgögn leyfileg

Prófinu skal svarað á sérstakt krossa svarblað

Prófnúmer _____

Gangi ykkur vel !

Samval verðbréfa og sjóðastjórnun (50% af heild)

Allar spurningar í þessum hluta prófsins hafa jafnt vægi. Vinsamlega svarið þeim á þar til gert svarblað og skilið svarblaðinu ásamt prófinu þegar þið yfirgefið prófsalinn. Ekki er dregið frá fyrir röng svör.

EFNISSPURNINGAR

1. Hvaða fullyrðing er rétt?
 - a. Áhættufælni (risk aversion) og spákaupmennska (speculation) geta ekki farið saman.
 - b. Áhættufælnir fjárfestar krefjast alltaf viðbótartrygginga, svo sem handveðs, fyrir það að taka eða auka áhættu sína.
 - c. Áhættufælnir fjárfestar kaupa almennt aðeins ríkisvixla.
 - d. Áhættufælnir fjárfestar eru iðulega á hlutabréfamarkaði
 - e. Svör a og b eru bæði rétt.
2. Eftirfarandi eru allt taldir kostir við virka eignastýringu, nema:
 - a. Sveigjanleiki í fjárfestingarstefnu
 - b. Möguleiki á að gera betur en markaðssafnið
 - c. Hægt að leita skjóls t.d. á peningamarkaði þegar illa árar
 - d. Vanmetnar eignir fundnar og keyptar og ofmetnar seldar
 - e. Fjöldi þeirra virku sjóða sem rannsóknir hafa sýnt að slá markaðnum við ár eftir ár, yfir lengri tímabil
3. Mögulegt er að mjög há ávöxtunarkrafa sé gerð til verðbréfs eins og sér, en lág krafa til þess í safni annarra verðbréfa. Það gerist þegar...
 - a. verðbréfið er mjög lítill hluti af verðbréfasafninu
 - b. annar eigandi er að verðbréfasafninu
 - c. verðbréfið er mjög líkt öðrum verðbréfum í safninu
 - d. verðsveiflur bréfsins hafa verulega fylgni við verðsveiflur annarra bréfa í safninu
 - e. Ekkert ofangreint er rétt
4. Að neðan getur að líta frægt samband í eignastýringu.

$$(r_p - r_f)/\beta_p$$

Jafnan lýsir:

- a. Þeirri viðbótarávöxtun sem vænta má með því að fjárfesta í áhættupappírur, auk ríkisvixla
 - b. Þeirri ávöxtun sem vænta má af hlutabréfum umfram skuldabréf
 - c. Umframávöxtun verðbréfasafns í hlutfalli við viðmiðunarvísitölu
 - d. Umframávöxtun verðbréfasafns í hlutfalli við réttmæta ávöxtunarkröfu til þess
 - e. Umframávöxtun verðbréfasafns í hlutfalli við markaðsáhættu þess
5. Hver eftirfarandi fullyrðinga er réttust?
 - a. Skoðið eftirfarandi hlutfall: $(r_p - r_f)/\sigma_p$. Hér er verið að lýsa Jensen's alpha mælikvarðanum á árangur eignasafns.

- b. Að jafnaði er réttara að mæla sögulega ávöxtun eignasafns með geometrísku meðaltali, fremur en arithmetísku.
 - c. Söguleg ávöxtun verðbréfasjóða er að jafnaði mæld með upphæðarvegnum meðaltali.
 - d. Aðskilnaðareiginleikinn (separation property) segir okkur að val á verðbréfasafni megi aðskilja í tvo sjálfstæða þætti; ákvörðun besta heildarsafns (áhættu + áhættulaust) og ákvörðun besta áhættusafns mtt. áhættufælmi fjárfestis.
 - e. Eignaflokkaval (asset allocation) er að jafnaði talið hafa minni þýðingu fyrir ávöxtun eignasafns fjárfestis en val verðbréfa (security selection)
6. Skv. miðstigi kenningarinnar um skilvirka markaði (EMH) er:
- a. Gagnlegt að skoða opinber gögn sem tengjast tilteknu verðbréfi, með það í huga að verðmeta það betur en markaðurinn
 - b. Markaðurinn því skilvirkari sem hann getur tekið við hærri upphæðum af verðbréfi án þess að verð hreyfist
 - c. Gagnlegt að skoða fyrri verðþróun verðbréfsins, því í henni geta falist mynstur sem gætu endurtekið sig í framtíðinni
 - d. Markaðurinn því skilvirkari sem mismunur hagstæðasta kaup- og sölugengis er minni
 - e. Innherjaupplýsingar um verðbréfið ekki komnar inn í verðið
7. Hver eftirfarandi fullyrðinga er rétt?
- a. Ef beta verðbréfs tvöfaldast, þá tvöfaldast ávöxtunarkrafan til þess.
 - b. Ef verðbréf hefur neikvætt beta, er ávöxtunarkrafan til þess neikvæð.
 - c. Verðbréf með hátt beta hafa minni markaðsáhættu (market risk) en bréf með lægra beta.
 - d. Ef betagildi verðbréfasafns hækkar úr 1,2 í 2,4 hefur markaðsáhætta þess tvöfaldast.
 - e. Ekkert svaranna er rétt.

ÚTREIKNINGUR

8. Þú átt safn fjögurra verðbréfa í jöfnum hlutföllum. Beta-gildi safnsins er 1,4. Þú selur eitt verðbréfið úr safninu, sem hefur beta-gildið 0,8 og kaupir í staðinn fyrir söluandvirðið verðbréf með beta-gildið 1,8 inn í safnið. Hvert er nýtt beta-gildi safnsins?
- a. 1,50
 - b. 1,65
 - c. 1,35
 - d. 1,70
 - e. 1,55

9. Þú hefur eftirfarandi upplýsingar um fimm fjárfestingarkosti:

Kostur	E(r), %	σ , %
1	12	30
2	15	50
3	21	16
4	25	21
5	16	15

Nytjum viðskiptavina af fjárfestingum sínum er lýst með fallinu:

$$U = E(r) - 0,5 A \sigma^2$$

Hvað safn kysi viðskiptavinur með áhættufælnistuðulinn $A = 4$?

- 1
 - 2
 - 3
 - 4
 - 5
10. Hversu háa ávöxtun þyrfti ríkisvixill að bjóða fyrir fjárfestinn í dæminu hér að framan til þess að hann væri jafngóður kostur fyrir hann og fjárfesting 5?
- 11,5%
 - 10%
 - 8,5%
 - 9%
 - 9,5%
11. Þú stýrir hlutabréfasjóði af myndarbrag. Vænt áhættuálag sjóðsins er 7% og vænt staðalfrávik hans 14%. Vextir á ríkisvixlum eru 6%. Hvert er ávöxtunar-áhættu (Sharpe) hlutfall hlutabréfasjóðsins?
- 0,50
 - 1,00
 - 0,65
 - 0,93
 - 0,40
12. Viðskiptavinum sjóðsins í spurningunni að framan býðst lán á 8% vöxtum til kaupa á einingum í sjóðnum en geta ekki skortselt ríkisvixla. Hvaða áhættufælni sýnir sá viðskiptamaður, mælt með A og nytjafallinu $U = E(r) - 0,5 A \sigma^2$, sem kys að setja alla aurana sína í hlutabréfasjóðinn þinn en kys ekki að ganga svo langt að taka lán fyrir enn meiri kaupum?
- 3,6
 - 2,6
 - 1,5
 - 2,0
 - 1,7

13. Hversu hátt hlutfall í hlutabréfasjóðnum þínum vs. ríkisvísla veldi viðskiptavinur skv. ofansögðu sem hefði $A = 1,5$?
- 0,8
 - 1,7
 - 2,4
 - 0,7
 - Ekkert ofangreindra svara er rétt

Eftirfarandi texti á við spurningar 14-17:

Sjóðstjóri hjá lífeyrissjóði hefur þrjá verðbréfasjóði til skoðunar; hlutabréfasjóð, skuldabréfasjóð og peningamarkaðssjóð. Sá síðastnefndi gefur 8% ávöxtun með mikilli vissu. Helstu kennitölur fyrir áhættusamari sjóðina eru eftirfarandi:

Sjóður	Vænt áv.	Staðalfrv.
Hlutabréf	20%	30%
Skuldabréf	12%	15%

Fylgnistuðull hlutabréfa- og skuldbréfasjóðanna hefur verið reiknaður 0,10.

14. Hvert er hlutfall skuldabréfasjóðsins í minimum-variance safninu?
- 65%
 - 83%
 - 73%
 - 35%
 - 17%
15. Hvert er hlutfall skuldabréfasjóðsins í besta áhættusafni sjóðanna tveggja?
- 37%
 - 48%
 - 55%
 - 64%
 - 73%
16. Gefum okkur að sjóðstjórinn ákveði að skipta fjárfestingu sinni á kostina þrjá með eftirfarandi hætti:

Kostur	Hlutfall, %
Hlutabréf	40
Skuldabréf	20
Peningam.	40

Hver er vænt ávöxtun þessa safns?

- 13,6%
- 12,2%
- 15,6%
- 13,0%
- 16,3%

17. Hvert er staðalfrávik safnsins sem lýst er í spurningunni að framan?

- a. 17,6%
- b. 12,7%
- c. 4,5%
- d. 21,1%
- e. Ekkert rétt svar uppgafið

18. Þið hafið eftirfarandi upplýsingar um verðbréfasafn P og markaðssafnið:

Kennitala	P	M
Ávöxtun	35%	28%
Beta	1,20	
Staðalfrv.	42%	30%

Áhættulaus ávöxtun er 6%. Treynor-hlutfall og alpha-gildi verðbréfasafns P eru:

- a. 69,0; 2,6
- b. 18,3; 2,6
- c. 18,3; -5,8
- d. 24,2; 2,6
- e. 24,2; -5,8

19. Þið hafið eftirfarandi upplýsingar um ávöxtun verðbréfa A og B og markaðssafnsins síðastliðin þrjú ár:

Ár	A	B	M
1	15%	8%	10%
2	18%	8%	12%
3	-12%	8,5%	-8%

Hvað má álykta um markaðsáhættu verðbréfa A og B?

- a. $A=2$; $B=0$
- b. $A=1,5$; $B=1$
- c. $A=1,5$; $B=0$
- d. $A=1,7$; $B=1$
- e. $A=1,7$; $B=0,5$

20. Verðbréfasafn er myndað með 50 mkr. framlagi. Í upphafi 2. árs er öðrum 50 mkr. bætt við upphaflega framlagið. Á fyrsta ári safnsins næst 15% ávöxtun á höfuðstól í upphafi árs og 10% á því næsta. Tímavegin og upphæðarvegin ársávöxtun safnsins þessi tvö ár var:

- a. 12,5%; 11,7%
- b. 8,7%; 11,7%
- c. 12,5%; 15,0%
- d. 15,0%; 11,7%
- e. 8,7%; 12,5%